



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 12. febrúar 2018

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Guðrún Björg og Aron Óttar fulltrúar foreldra, Edda fulltrúi kennara og Sigrún aðstoðarskólastjóri. Helga Eyja fulltrúi kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans voru veikar. Kristín Sara og Nicolas Leó fulltrúar nemenda voru fjarverandi, Ólafur Þór fulltrúi grendarsamfélagsins var fjarverandi.

1. Námsviðtöl 30. janúar

Námsviðtölin gengu vel fyrir sig. Góðar stöðumatsfærslur í dagbók á Mentor. Spurning hvort það eigi að endurskoða viðtölin. Þurfum við að vera með tvo viðtalsdaga á skólaári. Rætt um hvort halda þurfi fundi án barna. Er hægt að gera þetta á annan hátt. Gott aðgengi að kennurum og einnig foreldrum.

2. Skólaárið 2018 – 2019

Skóladagatalið fyrir næsta sólaár rætt. Samþykkt hjá fræðsluráði að tveir af fimm starfsdögum verði mismunandi eftir skólum. Þá á eftir að setja inn námsmatsdaga. Skipuleggja þarf betur námsmatsdaga fyrir allan skólann.

3. Mentor – persónuverndarlög

Mál sem kom upp í Reykjavík, prófmál. Verið er að vinna þetta varðandi persónuverndarlögin. Ný lög taka gildi þann 1. maí 2018. Skólastjórnendur fara á námskeið þann 5. mars um þessi mál. Rætt um íslykilinn og að kennarar þurfi að nota sinn persónulega aðgang til að fara inn á gáttir á vegum skólans.

4. Skólalóð

EKKI verður byggt íþróttahús við skólann í bráð. Skólalóðin var tekin í gegn síðasta sumar. Nú fékk skólinn um 16 milljónir í viðhald.

5. Ipad innleiðingin

Ipad innleiðingin gengur vel. Allir nemendur í elstu deild og allir kennarar eru komnir með ipad. Stefnt er að því að nemendur í miðdeild fái ipada á næsta skólaári.

Fundi slitið kl. 16:05.

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir.